

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Vestfjörðum.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum, er sveitarstjórnnum heimilt, samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 4 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi samkvæmt 9. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 skal innheimta leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 2 000,00
2. flokkur	kr. 3 000,00
3. flokkur	kr. 4 000,00
4. flokkur	kr. 5 000,00

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf gjald. Ef framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits metur breytingar smávægilegar er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

Fyrir hvert vottorð, umsögn eða eiturbeiðni, sem heilbrigðiseftirlitið lætur í té, greiðist kr. 1 500,00.

4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 2. gr. laga nr. 81/1988 er heimilt að innheimta eftirlitsgjöld, svo sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 10 000,00
2. flokkur	kr. 20 000,00
3. flokkur	kr. 40 000,00
4. flokkur	kr. 60 000,00

5. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins semur fyrir hönd svæðisnefndar, lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari. Listinn skal afhentur skrifstofu þess sveitarfélags, sem fer með fjármál heilbrigðiseftirlitsins. Áðurnefnd skrifstofa sér um samræmingu á álagningu gjaldanna en innheimtan fyrir starfsemi í hverju sveitarfélagi fyrir sig er á ábyrgð sveitarstjórnanna sjálfra.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari renna beint til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda samkvæmt 4. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

7. gr.

Gjald skv. 4. gr. má innheimta með lögtaki.

8. gr.

Undanþegin gjöldum skv. gjaldskrá þessari eru dvalarheimili aldraðra, dagvistun barna og önnur þau fyrirtæki sem sveitarfélagin reka sjálf.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af svæðisnefnd heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, staðfestist hér með skv. 5. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1992.

Jafnfram fellur úr gildi gjaldskrá nr. 442/1988 með sama heiti.

Ákvæði til bráðabirgða.

Með skírskotun til sérstaks samkomulags og þar til annað verður ákveðið gildir gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandi nr. 342/1991 fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. febrúar 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

Fylgiskjal með gjaldskrá heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

Flokkun fyrirtækja eftir umfangi samkvæmt ákv. 2. gr. laga nr. 81/1988.

<p>I.</p> <p>Leiktækjasalir Gufubaðsstofur Ljósabaðsstofur Leikvellir Lækningastofur Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur Sælgætis- og tóbakssölur Málningarverslanir Tannlæknastofur Torgsala</p> <p>Annar rekstur sambærilegur</p>	<p>III.</p> <p>Brauðgerðarhús Brauðstofur Pizzagerðir Dagheimili Félagsheimili með veitingarekstur Fiskbúðir Minni hótél Sjúkrahús I (hjúkrunarheim. o.s.frv.) Dvalarheimili o.þ.h. Ísbúðir/Ísgerðir Íþróttahús með sundlaug Sundlaugar/Sundhallir Kjörbúðir/Nýlenduvörverslanir Leiktækjasalir m/veitingum Skyndibitastaðir Stærri samkomuhús og veitingastaðir Sælgætisgerðir (stærri) Veislumiðstöðvar Veitingastaðir Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur, önnur matvæli)</p> <p>Annar rekstur sambærilegur</p>
<p>II.</p> <p>Fangageymslur Félagsheimili, sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur Gistiheimili án veitinga Heilsuræktarstöðvar Íþróttahús án sundstaðar Íþróttavellir/sundstaðir Brauðgerð/Brauðsala Kvikmyndahús Læknastöðvar Leikskólar Matsöluvagnar Mötuneyti (minni) Neysluvörugeymslur Nýlenduvörverslanir Sælgætisgerðir (minni) Tækifærisveitingar</p> <p>Annar rekstur sambærilegur</p>	<p>IV.</p> <p>Stórmarkaðir, stærri kjörbúðir Stór hótél Stórar matvælavinnslustöðvar Stór brauðgerðarhús Mjólkurstöðvar Vinnuheimili Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o.þ.h. Sjúkrahús II (svæðissjúkrahús, deildaskipt sjúkrahús, almenn sjúkrahús)</p> <p>Annar rekstur sambærilegur</p>